

ÖRSTUTT TILRAUN UM SKRIFT, DRAUM OG VÖKU

Punktur, punktur, komma, strik

... og svo kom aftur hvað?

„Áðan“ er ansi hált orð þegar það er skrifað en ég kann ekkert betra og skrifa því: Áðan dreymdi mig draum. Þetta var einhverskonar keppni sem fram fór í sundlaug. Stúlkur í dökkum fjólubláum sundbolum voru að keppa í einhverskonar sundkeppni: Ein stúlka í einu fer út í laugina, syndir niður á botn, spyrnir sér svo upp á við og skýtur sér upp úr vatnsfletinum. Þetta minnir á lax sem stekkur í hyl. Listin, og/eða keppnisgreinin, felst í því að „þurrka sig“ eins og sagt er um laxa (þegar allur skrokkurinn fer uppúr vatninu; er í lausu lofti án þess að snerta vatnið í eitt andartak). Þessu til viðbótar gerðu stúlkurnar svo snúning eða bakfallsbrettu í loftinu áður en þær lentu aftur á vatnsfletinum. Þetta er áður óþekkt tegund vatnafimleika.

Á vestari laugarbarminum standa dómararnir og horfa á. Ég stend hins vegar sunnan við laugina.

Sundlaugin er í tómarúmi. Það er hvorki hús utanum hana né land eða náttúra. Líklega ekki einu sinni þrívítt rými. Það er auðvitað sérkennilegt og líklega hefði mér fundist umhverfið ósannfærandi ef þetta hefði ekki verið draumur.

Allavega, það er augljóslega mikið lagt undir því þær leggja sig allar fram stúlkurnar. Það er spenna í loftinu.

Nú er röðin komin að einni sem er sérstök á einhvern hátt. Ég finn það á mér. Hún fer úti, syndir út í miðja laug, stingur sér þar niður á botn, snýr síðan við og stefnir upp af krafti en þegar hún kemur að vatnsfletinum er hún allt í einu eins og hún sé úr þyngra efni en fólk. Og svo, í stað þess að skjótast upp úr, þá rétt nær stúlkan að brjóta vatnsflötinn, með því að skjóta bringunni uppúr í svona boga eins og laxar gera með bakinu í þéttsettnum hyl. Þetta hafði augljóslega eitthvað mistekist hjá henni en hún reynir aftur. Fer djúpt niður og skýtur sér svo upp á við en allt kemur fyrir ekki. Sama sagan. Hún nær ekki að lyftast uppúr vatninu. Ég skynja að þetta er bagalegt fyrir hana.

– Líklega er það litið alvarlegum augum að mistakast í þessari keppni, hugsa ég.

Nú sé ég hvar hún stingur sér aftur niður í átt að botninum en hún ætlar ekki að reyna aftur. Ég veit það bara; veit það eins og maður veit hluti í draumum. Maður veit þá fyrir víst. Í draumaheiminum er líkt og maður sé í 100% sambandi við innsæi sitt.

Stúlkan kafar dýpra og dýpra og ég veit það áður en hún gerir það: Hún leggst á laugarbotninn og andar frá sér síðustu loftbólunum.

Ég tek undir mig stökk og sting mér úti. Syndi kafsund. Stefni skáhallt á hana. Þarna eru hún. Ég sé hana. En laugin er eins og þær sem smíðaðar voru á Íslandi fyrir stríð í uppgangsbæjunum við ströndina: Seyðisfirði, Siglufirði, Ísafirði ... þær eru feykilega djúpar. Hugmyndin hlýtur að hafa verið að flytja hafið inn í sundhöllina. Enda ef það átti að kenna sjómannsdrengjum að synda í hafinu þá vita allir

sem hafa prófað, hverslags munur það er að synda í grunnu vatni eða djúpu. Maður finnur fyrir dýpinu undir sér. Það þarf að venja sundmanninn við tómið sem hann syndir yfir.

Ég kafa þess vegna niður og inn að miðju því þessar laugar eru ekki dýpstar í öðrum endanum eins og sundlaugar dagsins í dag. Þær eru dýpstar í miðjunni. Þær eru í raun í laginu eins og trekt.

Eftir því sem ég fer dýpra niður finn ég skýrar fyrir þrýstingnum í eyrunum. Og á bringunni. Ég næ að koma við stúlkuna en festi ekki hönd á henni. Höndin skreppur af henni einhvernvegin, eins og af laxi grípi maður ekki um sporðin. Ég næ upp á yfirborðið með galtóm lungu. Á leiðinni upp hugsaði ég um að ég myndi reyna aftur ... bara að ná andanum og fara svo aftur niður. Ég er ekki hræddur um hana. Það er enn tími til stefnu ... bara að ná andanum og fara svo aftur niður. „Líkamar í vatni eru svo léttir: Í vatni getur barn auðveldlega lyft fullorðnum manni,“ hugsaði ég á meðan ég var á leiðinni upp. Og svo hugsaði ég í draumnum um það þegar ég var strákur og sá bíómyndina *Punktur, punktur, komma, strik* í Hafnarbíói. Þar drukknar stúlka í sundlaug. *Punktur, punktur, komma, strik* ...

Ég er á leiðinni upp á yfirborðið þegar ég vakna af draumnum.

* * *

Ég man vel eftir þessu atriði úr kvikmyndinni. Hef stundum hugsað til þessa atriðis þegar stúlkan drukknar þótt ég muni óskýrt eftir myndinni að öðru leyti enda var ég örugglega ekki nema átta eða níu ára þegar ég sá hana. En ég man skýrt eftir þessu atriði með stelpunni í

sundlauginni vegna þess að þegar ég sá það þá fann ég fæðast í mér það sem ég síðar hef kallað (í gríni til að fela alvöruna) melenkólískan trega. Allavega er þetta elsta skrásetta dæmið um melenkólískan trega í minningasafninu mínu. Þess vegna er þessi sena svona eftirminnileg. Myndin var gerð eftir skáldsögu Péturs Gunnarssonar. Hún er úr röð bóka um aðalpersónuna Andra Haraldsson. Þær voru fjórar í allt bækurnar í þessari röð. Getur verið að atriðið í sundlauginni sé úr annarri bókinni þótt það hafi ratað í myndina sem heitir eftir fyrstu bókinni?

Fyrsta bókin var allavega *Punktur; punktur, komma, strik*. Ég man ekki hvað bók númer tvö í seríunni heitir.

* * *

„Nú“ er alltaf soldið sleipt orð þegar það er skrifað en ég á ekkert betra og þess vegna skrifa ég: Nú sit ég og skrifa þetta niður við eldhúsborðið á meðan það birtir hægt af degi (13. október 2011). Ég er hættur að dreyma og byrjaður að vaka. Og um leið og ég slæ inn punktinn á eftir „strik“ í málsgreininni hér að ofan þá byrjar síminn við hliðina á mér að hringja. Númerið er langt: +3546606514. Ég þekki það ekki. Líklega er verið að hringja frá útlöndum. Íslenskt númer samt.

Ég svara, hlusta og segi svo „halló?“ Ekkert svar. Maðurinn á hinum endanum virðist hafa hringt í mig óafvitandi. Hann heldur á símanum. Eða kannski er síminn í vasa hans, eða ofan í töskunni hans.

Það er fólk í kring og mikið skvaldur en ég greini ekki orða skil.

„Halló? Er einhver þarna?“

Og þá heyri ég þessa setningu alveg skýrt í gegnum kliðinn og malandi fólkið: „Við erum þá að tala um Pétur ... [ógreinilegt] og að næsta bók á eftir *Punktinum* sé *Ég, um mig, frá mér, til mín ...*“

Svo yfirgnæfir óaðgreinanlegt skvaldrið aftur röddina.

Stuttu síðar rofnar sambandið.

Og nú hef ég ekki ekki lengur áhuga á því að vita hvað draumurinn um stúlkurnar þýðir heldur miklu frekar hvað það merkir þegar veruleikinn spinnur áfram hugsun úr draumsi. Hvað merkir það þegar hálfkveðin vísa úr draumi er botnuð í vöku – í beinu framhaldi í tíma og staðsetningu frá draumnum – á meðan það er verið að skrifa hann upp?

Hvað er að gerast þegar það að skrifa býr til þráð á milli draums og vöku?

* * *

Eftirskrift: Ég dreif mig í sund í hádegishléinu. Fannst einhvernvegin eins og ég ætti að gera það. Þar gerðist ekkert markvert.

En svo varð ég auðvitað að skoða hver átti númerið sem hringt var úr: +3546606514. Var að því rétt í þessu. Fletti upp í símaskránni á netinu. Þar stendur: „Einar Örn Benediktsson fv. pósthöfundur.“

Ég þekki hann ekki.

Reykjavík, 13. október 2011